


Aðsími Þjóðvilkans er 81333 kl. 9-20 mánudag til föstudags. Utan þess tíma er hægt að ná í blaðamenn og aðra starfsmenn blaðsins í þessum sínum: Ristjörn 81382, 81482 og 81527, umbrot 81285, ljósmyndir 81257. Laugardaga kl. 9-12 er hægt að ná í afgreiðslu blaðsins í síma 81663. Blaðaprent hefur síma 81348 og eru blaðamenn þar á vakt öll kvöld.

**Aðalsími
81333**

**Kvöldsími
81348**

**Helgarsími
afgreiðslu
81663**



Stórhættulegur efnaiðnaður inni í miðju Íbúðahverfi, segir Guðrún Jónsdóttir. Umhverfið er einkar ógeðfellt fyrir bragðið á horni Seljavogs og Vesturgötu.

„Fylgjum málinu fast eftir”

segir Guðrún Jónsdóttir, borgarráðsmaður Kvennaframboðs, um efnaverksmiðjumálið

„Borgarstjóri hefur eflaust talið sig vera í lagalegum rétti til að undirrita framlengingu lóðasamnings við Kolsýruhléðsluna en siðferðilegan rétt hafði hann engan því það var greinilegur vilji borgarráðs að ræða málið betur áður en frekar væri aðhafst í því”, sagði borgarráðsmaður Kvennaframboðs, Guðrún Jónsdóttir, i samtali við Þjóðviljann í gær.

„Við kynntumst þessu máli fyrst í kosningabaráttunni og þá kom í ljós að fyrri meirihluti hafði samþykkt að eðilegt væri að framlengja lóðasamningi við Kolsýruhléðsluna sí. til 10 næstu ára. Það var gert á fundi ráðsins í nóvember 1981. Eftir að ég kom inn í borgarráð var umræðum um

málið halddi áfram á þeim vettvangi og það fækkt svo ákvæðið að fundi 17. ágúst að fresta undirritun samnings þar til við hefðum rætt þetta ofan í kjölinn. Við fengum send öll gögn varðandi málið fyrir fund númer 24. ágúst en þegar atti að taka malefni Kolsýruhléslunnar á dagskrá upplýsti

— En hvað með rekstur verksmiðjunnar Eims?

„Það er ásetningur okkar hjá Kvennaframboðinu að fylgja kröfum íbúanna í því máli eftir af fullum krafti á vettvangi borgarstjórnar. Eimur framlieðir kol-sýru og þar er um stórhættulegan efnaiðnað að ræða inni í miðju íbúðahverfi og við hljótum að styðja með öllum ráðum þá lág-

Guðrún Jónsdóttir borgarráðsmaður Kvennaframboðs: Afgreiðsla borgarstjóra kjaftshögg á alla borgarbúa.



markskröfu íbúanna að starfsemi fyrirtækisins verði flutt annað hið bráðasta”, sagði borgarráðsmaður Kvennaframboðs, Guðrún Jónsdóttir, að síðustu.

— v.


Ennþá hækkar pósturinn

Ný gjaldskrá fyrir póstþjónustu tekur gildi 1. september næstkomandi. Samkvæmt henni verður burðargjald bréfa af fyrsta byngdarflokk (20g) innanlands og til Norðurlanda 3,50 kr. til annarra landa 4,00 kr. og flugburðargjald til landa utan Evrópu 7,00 kr.

Burðargjald fyrir póstkort og prent af fyrsta byngdarflokk (20g) verður 3,00 kr. nema flugburðargjald til landa utan Evrópu, sem verður 3,50 kr. Gjald fyrir gírþjónustu verður 4,50 kr. fyrir almennar póstávisanir 8,00 kr. simapóstávisanir 36,50 kr. og póstkröfur 15,00 kr. (10,50 kr ef um innborgun á póstgírorekning er að ræða).

Burðargjöld böggla innanlands verður sem hér segir: 1 kg. 17,00 kr. 3 kg 20,00 kr. 5 kg 31,00 kr. 10 kg 48,00 kr. 15 kg 70,00 kr. 20 kg 78,00 kr.

Abyrgðargjald verður 7,50 kr. og hraðbogajald 16,50 kr.



MÁLAÐ Á POSTULÍN

Lisbeth Hansen, postulinsmálarí málar hið fræga mynstur „Empire” á postulinsdisk frá Bing og Gröndahl, en listsýning fyrirtækisins var opnuð í gær að Kjarvalsstöðum. Sýningin er aðeins opin í fimm daga, en þess má geta að munirnir á sýningunni sem sumir eru frá því fyrir aldamót, eru tryggðir fyrir 2 millj. danska króna. Sýningin er opin daglega frá 14—22 og er aðgangur ókeypis.

Nýjar bækur frá Iðunni:

Frá galdramálum til Hallærishalls

Iðunn gefur út meira en hundrað bækur á þessu ári og meðal þeirra eru ný verk eftir Þorsteini frá Hamri, Svövu Jakobsdóttur, Anton Helga Jónsson, Njörð, Njarðvík og Flosa Ólafsson. Þrjár nýjar ljóðabækur koma út hjá Iðunni. Spjötalög á speglnefni bók Þorsteini frá Hamri og Ljóð vega gerð er þriðja bókin í flokki Sigurðar Pálssonar um „ljóðvegina”. Þá kemur og út fyrsta ljóðabók Guðrúnar Svövu Svavarssdóttur myndlistarmanns og nefnist „Þegar þú ert ekki”. Í frétt frá forlaginu segir að höfundur segi „á hreinskilinn og einlægan hátt frá sambandi sínu og Þorsteini frá Hamri”.

Hjá Iðunni kemur út safn áður óbirtra smásagna eftir Svövu Jakobsdóttur. Einig þriðja bók Auðar Haralds og fyrsta skáldsaga hennar — Ævintýri fyrir rosknar vonsvíknar konur. Út kemur söguleg skáldsaga eftir Njörð P. Njarðvík sem heitir Dauðamenn og fjallar um galdramál sautjándu aldar. Anton Helgi Jónsson ljóðskáld er á ferð með fyrstu skáldsögu sina sem heitir Vinur vors og blóma. Hallærishallsbók heitir fyrsta bók ungs höfundar Páls Pálssonar, og segir eins og naðnið bendir til frá unglingalifi í Reykjavík.

Iðunn gefur út heimildapátt eftir Hannes skáld Pétursson, frásagnir af sérstæðum persónum sem nefnast Erlend andlit eftir Ingólf Margeirsson og æskumannar sem heita í Kvossinni. Eftir Einar Braga kemur út Hrakfallabálkurinn — viðtöl við Plum kaupmann í Olafsvík.

BHM mótmælir skerðingu verðbóta

Launamálaráð BHM hefur sent frá sér ályktun þar sem hardlega er mótmælt þeiri skerðingu verðbóta sem felst í bráðabirgðalögum ríkisstjórnarinnar.

Hér er einn sinni gengið á gerða samninga með lagasetningu, en súlikar lagasetningar eru nú örðar svo algengar að það er nánast öfugmáli að tala um að hér ríki frjáls samningsréttur, segir í ályktuninni.

Þá segir að sú visitöluskerðing sem ASI samdi um hafi nú verið lögfest gagnvart öðrum launbegum og er ASI í krafti stærðar sinnar þar með fenginn í hendir samningsréttur fyrir alla aðra launþega í landinu.

Ríkisstarfsmenn hafa þó ekki fengið þá launahækku sem ASI samdi um, en hún er talin vera 9,5%. Þá segir í ályktuninni að stórt hluti ríkisstarfsmanna innan BHM séu láglauðamenn. Þeir hafi sýnt mikil langlundargeð og verði ekkert að gert hljóti að koma til uppsagna.